

Nr. 16

27. febrúar 2015

## LÖG

**um breyting á lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991,  
með síðari breytingum (frestun nauðungarsölu).**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskráinnar  
forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,  
*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða VI í lögunum orðast svo:

Nú er leitað nauðungarsölu á grundvelli 6. gr. á fasteign þar sem gerðarþoli heldur heimili og hefur skráð lögheimili og um er að ræða húsnæði sem ætlað er til búsetu samkvæmt ákvörðun skipulags- og byggingaryfirvalda og ber þá sýslumanní að verða við ósk gerðarþola sem uppfyllir skilyrði 2. mgr. um að fresta í allt að þrjá mánuði í senn töku ákvörðunar um framhald uppboðs eða ráðstöfun eignar á almennum markaði. Hafi þegar verið ákveðin ráðstöfun slíkrar fasteignar til fullnustu kröfu skv. 6. gr. við framhald uppboðs eða á almennum markaði en uppboði hefur ekki verið lokið eða boð í eignina á almennum markaði samþykkt skal sýslumaður að fullnægðum sömu skilyrðum verða við ósk gerðarþola um að fresta þeim aðgerðum í allt að þrjá mánuði í senn. Hafi uppboði lokið en sá tími sem hæstbjóðandi er bundinn við boð sitt er ekki liðinn er sýslumanní heimilt að beiðni gerðarþola og að fengnu samþykki gerðarbeïðenda og hæstbjóðanda að fresta frekari vinnslu málsins í allt að þrjá mánuði í senn að uppfylltum sömu skilyrðum.

Skilyrði fyrir því að frestur verði veittur er að gerðarþoli sýni fram á að hann hafi sótt um leiðréttingu fasteignaveðlana samkvæmt lögum um leiðréttingu verðtryggðra fasteignaveðlana en ríkisskattstjóri hafi ekki endanlega ákvarðað leiðréttingu eða ákvörðun ríkisskattstjóra hafi verið kærð til úrskurðarnefndar og sé þar til meðferðar.

Ákvæði þetta fellur úr gildi 1. október 2015.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 27. febrúar 2015.*

**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson. Einar K. Guðfinnsson. Markús Sigurbjörnsson.**  
(L. S.)

*Ölöf Nardal.*